

Nr. 832

2. júlí 2015

SAMPYKKT

um breytingu á samþykkt um gatnagerðargjald í Reykjavíkurborg nr. 725/2007.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 8. gr.:

Við 1. mgr. 8. gr. bætist nýr stafliður, h-liður, svohljóðandi:

h) Af óeinangruðum hjólaskýlum við skóla, opinberar stofnanir og vinnustaði, þar sem fleiri en fimmtíu manns starfa og eru 70 fermetrar eða minni, greiðist ekkert gatnagerðargjald. Ef um stærri skýli er að ræða skal greiða gatnagerðargjald af því sem er umfram 70 fermetra.

2. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af borgarráði í umboði borgarstjórnar Reykjavíkurborgar skv. heimild í 12. gr. laga nr. 153/2006 um gatnagerðargjald og öðlast þegar gildi.

Borgarstjórinn í Reykjavík, 2. júlí 2015.

Dagur B. Eggertsson.

B-deild – Útgáfud.: 23. september 2015